



117. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 10. mars, 2005, kl. 17:30.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Atvinnumál.

a. **Textísetur Íslands.** *Stofnfundur var haldinn 7. mars sl. að viðstöddu fjölmenni. Ný stjórn var kosinn á fundinum sem í eiga sæti Jóna Fanney Friðriksdóttir, bæjarstjóri (formaður), Jóhann Guðmundsson, oddviti (ritari) og Hrönn Vilhelmsdóttir, textíllistakona (gjaldkeri).*

b. **Þjónustuhús í Brautarhvammi.** *Bæjarstjóra falið að ganga frá samningi við verktaka á grundvelli fyrri bókunar bæjarráðs frá 29. apríl 2004, liður 9.a. og leggja fyrir næsta fund bæjarráðs.*

2. Bréf frá Samstöðu.

Í bréfi stéttarfélagsins er tilkynnt að Gréta Björg Lárusdóttir hefur verið skipuð trúnaðarmaður Samstöðu vegna þeirra starfsmanna Grunnskóla Blönduóss og Íþróttahúss sem vinna eftir samningi SGS og LN. Lagt fram til kynningar.

3. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Sambandið stendur fyrir kynnisferð sveitarstjórnarmanna í Brüssel í apríl nk. Markmið ferðarinnar er að gefa íslenskum sveitarstjórnarmönnum kost á að fræðast um starfsemi ESB og EES samstarfið með sérstakri áherslu á stöðu sveitarstjórnarstigsins.

Bæjarstjóri sækir fundinn f.h. Blönduóssbæjar.

4. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð 722. fundar Sambandsins frá 18. febrúar sl. lögð fram til kynningar.

5. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:45.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)